



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Alþingi

Tilvísun

Dagsetning

Erindi nr. P 116 / 344

komudagur 19 / 11 1992

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
b.t. hr. Vilhjálms Egilssonar, formanns

18. nóvember 1992

BG

Til umfjöllunar hjá háttvirtri Efnahags- viðskiptanefnd Alþingis mun nú vera frumvarp viðskiptaráðherra um viðskiptabanka og sparisjóði. Við skoðun á þessu frumvarpi í ráðuneytinu hefur komið í ljós að þar er að finna nokkur ákvæði er lúta að skattalegum málefnum.

Ráðuneytið fer þess hér með á leit við yður að þér hlutist til um að gerðar verði tvær breytingar á umræddu frumvarpi. Þessar breytingar eru:

- a. 2. mgr. 18. gr. frumvarpsins falli niður.
- b. 4. mgr. 23. gr. frumvarpsins falli niður.

Skal nú gerð grein fyrir þeim rökum sem búa að baki framangreindum breytingartillögum. Um skattlagningu innlánsstofnana er fjallað í sérstökum lögum, þ.e. lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum. Samkvæmt 1. gr. þeirra laga er kveðið á um að lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skuli gilda um skattlagningu þessara stofnana. Í 9. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er efnisregla varðandi skattalega meðferð á arði af hlutum og hlutabréfum í félögum, sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. s.l. En það ákvæði lýtur að skattskyldu hlutafélaga og annarra félaga með takmarkaða ábyrgð. Samkvæmt 17. gr. frumvarpsins er ljóst að sparisjóður er félag með takmarkaðri ábyrgð stofnfjáreigenda. Sparisjóður er því félag með takmarkaðri ábyrgð í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Því er skattaleg meðferð með sambærilegum hætti og gildir um hlutafélög. Umrædd ákvæði eru því þarflaus.

Rökin fyrir því að taka ákvæði þessi út eru þó fleiri. Má í því sambandi nefna að um skattskyldu innlánsstofnana gilda eins og áður segir sérstök lög. Það er óeðlilegt út frá lagatæknilegum og framkvæmdalegum sjónarmiðum að vera með efnislegar reglur um skattlagningu þessara stofnana eða yfirleitt annarra í sérlægum um viðkomandi skattaðila. Sama gildir um afleidda skattlagningu vegna tekna eins og arðs af hlutum. Enda eru þá efnisákvæði komin í lög sem heyra ekki undir þann ráðherra sem fer með skattamál samkvæmt stjórnskipunarreglum. Þá má og benda á að það að taka upp þessi ákvæði í sérlægum kynni að valda ákveðinni réttaróvissu, þar sem einhverjir teldu að með því væri verið að gera breytingar á gildandi rétti. En því er ekki svo farið með þessum ákvæðum.

Þess er vinsamlega farið á leit við háttvirta Efnahags- og viðskiptanefnd að hún hlutist til um að framangreindar breytingar nái fram að ganga. Tekið skal fram að efni bréfs þessa hefur verið kynnt viðskiptaráðuneytinu, sem hreyfir engum athugasemdum við það.

Bragi Guðmósson

PÓSTFANG
150 REYKJAVÍK

ADSETUR
ARNARHVOLI

SÍMI
(91) 60 92 00

TELEFAX
(91) 62 82 80
TELEX
2092 ISCOM IS

NAFNÚMÉR
2343 - 0126

KENNITALA
550169 - 2829